

Dómsorð:

Ákærðu, Ásmundur Pálsson og Halldór Pálsson, sæti hvor um sig 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni hvor um sig sekt sína með varðhaldi í 12 daga, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1951.

Nr. 71/1950. **Ákærvaldið** (Sigurður Ólason)

gegn

Sigurði Jóhanni Pétri Þorsteinssyni

(Jón N. Sigurðsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 800 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Jóhann Pétur Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti,

hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Ólasonar og Jóns N. Sigurðssonar, 800 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 9. maí 1950.

Ár 1950, þriðjudaginn 9. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1854/1950: Ákærvaldið gegn Sigurði Jóhanni Pétri Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 26. apríl sama ár.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Sigurði Jóhanni Pétri Þorsteinssyni skipstjóra, Nökkvavogi 7 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 24. febrúar 1915 á Siglufirði. Hinn 9. maí 1940 var hann í Hafnarfirði sektaður með réttarsátt um kr. 1910.00 fyrir ólöglegan innflutning áfengis o. fl., en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Síðan 1. nóvember s.l. hefur ákærði verið skipstjóri á vélbátnum Jóni Valgeir, Í.S. 98, og hefur hann og áhöfn bátsins haft bátinn á leigu síðan. Hinn 5. desember var ákærði á bátnum að botnvörpuveiðum á austanverðum Húnaflóa. Að morgni þessa dags fóru sjómennirnir Guðmundur Jóhannesson, 29 ára, og Þorbjörn Jónsson, 32 ára, báðir til heimilis í Höfðakaupstað, í róður á trillubát. Skýra þeir svo frá, að þegar þeir hafi verið að enda við að leggja línuna fram af Hofskirkju í Skagahreppi, aðeins norður og fram af Hofi, segir Þorbjörn, hafi skip á botnvörpuveiðum komið í áttina til þeirra og stefnt að landi. Þeir beindu þá bát sínum að skipinu og héldu í áttina til þess, en þá beygði það, jók ferðina og hélt aftur frá landi.

Voru þá fáar bátslengdir milli skipanna, og sáu vitnin þá greinilega, að aðkomuskipið var að toga. Vitnið Þorbjörn heldur því fram, að bæði sér og Guðmundi hafi verið ljóst, að skipið var langt fyrir innan landhelgislínu. Vitnin tóku nú mið af staðnum, sem þeir voru staddir á, og var það Refsborg, eða Kaldbakspúfa, í Höfðatá syðri og Hofskirkja skammt norðan við Hofsárós. Telja vitnin í kæru sinni í máli þessu þenna stað vera $1\frac{1}{4}$ — $1\frac{1}{2}$ sjómílu undan landi. Þegar vitnin tóku miðin, var klukkan rétt um 9 árdegis, ef til vill fáeinar mínútur yfir 9. Vitnin voru ekki fullviss um að hafa séð nafn skipsins, og þegar þeir höfðu tekið miðin, sigldu þeir á eftir skipinu, og þar sem það hélt áfram að toga og hægði heldur ferðina, komust þeir fljótlega að síðu þess og sáu greinilega nafn þess og númer, Jón Valgeir, Í.S. 98. Ekkert samband höfðu þeir við skipverja. Þegar þessir atburðir gerðust, segja vitnin hafa verið austangolu, en úrkomulaust, ekki hafi verið orðið albjart, en vegna góðs skyggnis hafi fjöllin sézt greinilega. Skýrslur sínar í máli þessu hafa vitnin staðfest með eiði.

Að tilhlutan réttarins hefur hr. Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi sett

nefnd mið út á sjókort, og reyndist staður þeirra vera rúmlega 2,2 sjómílar innan landhelgislínunnar. Hinn 21. janúar s.l. sigldi varðskipið Ægir með vitnin á þann stað, sem þeir töldu sig hafa tekið miðin á. Segjast vitnin hafa vísað á staðinn eftir beztu getu og samvizku. Veður var gott, skyggni ágætt og miðin glögg, og skýrir varðskipsforinginn svo frá, að staðarákvörðunin hafi verið:

Kálfshamarsviti	> 98° 25'
Hofskirkja	> 68° 07'
Spákonufellshöfðatá	

Dýpi 58 metrar, og gefi mælingar þessar staðinn 2,2 sjómílar innan landhelgislínu.

Ákærði hefur viðurkennt, að hafa verið að togveiðum á v/b Jóni Valgeir á umræddum tíma, en neitar að hafa verið innan landhelginnar. Hann kveðst ekki kannast við mið þau, sem kærundur tóku, vera ókunnugur á Skaga og ekki þekkja örnefni þar. Þó eigi svo að heita, að hann þekki fjöllin og einstöku bæi, svo sem Hof og Kálfshamarsvík. Skýrsla ákærða um málavexti verður nú rakin. Hann kveðst hafa komið á Húnaflóa frá Siglufirði aðfaranótt 5. desember s.l. og kastað vörpunni úti af Kálfshamri á 55—60 faðma dýpi. Er þetta í ósamræmi við leiðarbrók skipsins, sem segir, að kastað hafi verið um kl. 1 á 50 faðma dýpi. Togaði síðan í S-SV og fylgdi þessu dýpi að Hofsgrunni. Þegar að grunninu kom, var varpan tekin inn og veiðarfærin lagfærð. Aftur var vörpunni kastað um kl. 6 árdegis á 68—70 faðma dýpi suðvestur af Hofsgrunni. Síðan var togað inn svokallaðan kant í S-SV meðfram landhelgislínunni. Kveðst ákærði hafa togað mjög nálægt henni, en eigi hafi hann farið inn fyrir hana. Í öllu þessu tugi segir hann dýpið hafa haldizt hið sama, 68—70 faðmar. Í dimmu um morguninn (ákærði tók ekki eftir, hvað klukkan var) sá hann trillubát landmegin við sig, og sýndist honum tveir menn vera á honum. Ekki kom trillubáturinn mjög nálægt v/b Jóni Valgeir, og engin orð fóru milli bátanna. Bráðlega hvarf trillubáturinn sjónum ákærða út í dimmuna í áttina til lands. Þegar trillubáturinn sást í nánd við v/b Jón Valgeir, var togað í S-SV, og neitar ákærði, að rétt sé hjá kærundinum, að togað hafi verið að landi, þ. e. a. s. til austurs. Eftir að trillubáturinn hvarf, hélt ákærði áfram að toga í sömu átt og áður og síðan í norðvestur. Eftir þetta var togað á svipuðum slóðum og inn með, og var treg veiði. Þegar birti um morguninn, var báturinn kominn vestur í flóa, langt út fyrir landhelgislínu. Veðrið þenna morgun, segir ákærði, hafa verið norðaustan kalda og hríðarfjúk, og á þeim tíma, sem kærán greinir, kveðst hann engar staðarákvarðanir hafa gert, enda hafi það eigi verið unnt vegna myrkurs. Af dýpinu og Kálfshamarsvitanum kveðst hann hafa ráðið, hvar hann var, en hann hafi aldrei verið grynna en á 68—70 faðma dýpi og aldrei siglt inn úr syðri rauða geisla Kálfshamarsvíkurvitans. Ljósið hafi að vísu eigi sézt samfleytt vegna hríðarfjúks, en víst sé, að þegar hann breytti stefnu til norðvesturs, hafi hann aðgætt

ljós vitans og verið þá enn í rauðu ljósi. Eigi getur þetta þó skipt miklu máli, því að rauða ljós vitans nær á þessum slóðum langt inn fyrir landhelgislínu.

Auk ákærða voru átta menn á v/b Jóni Valgeir í þetta sinn. Leitað hefur verið upplýsinga þeirra allra um stað skipsins á þeim tíma, sem kæran greinir, en enginn þeirra hefur getað um hann borið, og eigi kveðast þeir hafa orðið trillubátsins varir.

Leitað hefur verið álits Péturs Sigurðssonar sjóliðsforingja um, hvort skýrsla ákærða um togdýpið gefi bendingu um, hvar hann hafi verið, miðað við landhelgislínu, og var svar hans á þessa leið: „Eftir upplýsingum skipstjórans á v/b Jóni Valgeir um togdýpið virðist svo sem báturinn hafi byrjað veiðar um 0,5 sjóm. fyrir utan landhelgislíununa út af Kálfs-hamarsvík, en smáfærzt nær henni á leið sinni suður eftir, þannig að þegar báturinn er kominn suður að Hofsgrunni og tekur inn vörpuna, þá hefur hann verið nálægt landhelgislinunni þar. Þegar báturinn kastar aftur um 6 leytið um morguninn á 68—70 faðma (124—128 m) dýpi suðvestur af Hofsgrunni, bendir dýpið til, að hann hafi annaðhvort verið mjög nálægt eða rétt fyrir innan landhelgislinuna á þessum slóðum, eftir því hvort báturinn hefur verið norðarlega eða sunnarlega við grunnid, þegar hann byrjaði að toga.“

Af ákærða hálfu hefur því verið haldið fram, að svo dimmt hafi verið á slóðum bátanna í umrætt sinn, að kærendur hafi ekki getað tekið þau mið, sem þeir segjast hafa tekið. Þeir hafa þó, eins og áður segir, skýrt svo frá, að vegna góðs skyggnis hafi fjöllin sézt greinilega, enda þótt eigi væri orðið albjart af degi. Um þetta atriði hefur álits Veðurstofunnar verið leitað, og segir í því, að allar líkur séu til, að verið hafi fullnægjandi birtuskilyrði til að sjá til fjalla, einnig í suðri, af sjónum fram undan Hofi á Skaga á umræddum tíma.

Eins og málavöxtum hefur nú verið lýst, verður að telja nægilega sannað með vætti þeirra Guðmundar Jóhannessonar og Þorbjörns Jónssonar, að ákærði hafi í margnefnt sinn verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Hefur hann því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing hans samkvæmt 3. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 4 1924, og með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin 74 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinn 7. desember s.l. landaði ákærði á Skagaströnd afla bátsins úr þessari veiðiför. Óvíst er um magn hans, bæði það, sem aflazt hafði, þegar brotið var framíð, og hvað eftir það aflaðist í veiðiförinni. Frá því brotið gerðist, hafa veiðarfæri bátsins verið endurnýjuð meira og minna. Af þessum sökum þykir ákvæði 3. gr. laga nr. 5 1920 um upptöku afla og veiðarfæra eigi vera framkvæmanlegt, og verður því eigi beitt.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Jóns Sigurðssonar, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Jóhann Pétur Þorsteinsson, greiði kr. 74.000.00 sekt til Landhelgisjódís Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Jóns Sigurðssonar, kr. 500.00. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. janúar 1951.

Nr. 111/1949. **Útgerðarfélag Grindavíkur h/f.**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Leó Sigurðssyni fyrir sína hönd og skipverja á v/b Súlunni, E.A. 300

(Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skaðabótamál. Skemmdir á veiðarfærum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. ágúst 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. júlí s. á. Krefst hann *aðallega* sýknu, *en til vara*, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar til muna. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir skiptingu sakar milli aðilja, og með því að aflatjón er ekki of hátt metið af héraðsdómi og málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.